

Alþingi, nefndarsvið  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. desember 2005 2005110648

### Frumvarp til laga um starfsmannaleigur

Á fundi félagsmálanefndar Alþingis 30. nóvember óskaði nefndin eftir að fá umsögn um ofangreint frumvarp með þeim ábendingum sem fram komu á fundinum. Fylgja þær hér með ásamt öðru sem málið varðar. Tekið skal fram að þar sem ekki gafst nægilegur tími

Eftir nokkra skoðun á frumvarpinu virðist sem að tilgangur þess sé nokkur óskýr og áhrif þess, ef að lögum verður, yrðu óljós. Þótt frumvarpið fjalli ekki um skattaframkvæmd eða önnur verkefni embættis ríkisskattstjóra gæti það haft áhrif á þau með óbeinum hætti. Ástæða en fyrst og fremst sú að í frumvarpinu eru notuð ýmis hugtök sem ekki eru skilgreind en virðast í sumum atriðum geta stangast á við ákvæði laga sem miklu skipta um skattframkvæmd svo sem laga um fyrirtækjaskrá, laga um hlutafélög, laga um tekjuskatt og virðisaukaskatt svo og við tülkanir og framkvæmd á sviði alþjóðaskattaréttar. Í þessu sambandi skal bent á eftirfarandi.

Ekki er ljóst hvert gildissvið laganna er ætlað að vera og hvað er átt við með innlendum vinnumarkaði. M.a. er ekki ljóst hvort ákvæði frumvarpsins eiga eingöngu að taka til aðila sem skráðir eru hér á landi sem félög eða útibú félaga eða hvort þau eiga líka að skuldbinda aðila sem ekki heyra undir íslenska lögsögu og þá með hvaða hætti. Í því efni má m.a. benda á ákvæði 5. gr. og 8. gr.

Óljóst er hvað átt er við með að veita starfsmannaleigubjónustu hér á landi. Annars vegar kemur til álita að átt sé við að fyrirtækið starfi hér á landi og veiti hér þjónustu. Til þess að svo sé þarf það að stofna hér útibú og skrá sig. Hins vegar getur verið um að ræða fyrirtæki sem starfar í öðru landi og veitir þjónustu þar sem nýtt er hér á landi. Sú starfsmannaleiga sem algengust hefur verið, þ.e. að erlent fyrirtæki miðli starfskröftum til innlands framkvæmda aðila er af síðar nefnda taginu og telst ekki vera þjónusta sem veitt hér á landi t.d. í skilningi skattalaga eða alþjóðaskattaréttar.

Á sama hátt virðist óljóst og er ekki útskýrt í hvaða merkingu orðið staðfesta er notað. Almenna skilgreiningu á því hugtaki er ekki að finna í íslenskum lögum. Hugtakið kemur hins vegar fyrir í EES samningnum en þar segir í 31. gr. um staðfesturétt: "*31. gr. . Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Hið sama gildir einnig þegar ríkisborgarar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði einhvers þeirra, setja á stöfn umboðsskrifstofu, útibú eða dótturfyrirtæki.*"

*Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi annarrar málsgreinar 34. gr., með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæði 4. kafla." Samkvæmt þessu tákna staðfesta að aðili reki atvinnustarfsemi utan heimalands síns með því að stofnsetja og skrá útibú eða skrá dótturfélag eða reka umboðsskrifstofu. Sé þessi skilningur réttur myndi staðfesturéttur erlendra starfsmannaleiga vera viðtækari en kveðið er á um í EES samningnum.*

Tengsl frumvarpsins, sbr. 2.- 4. gr. þess við ákvæði íslenskra laga um skráningu fyrirtækja eru óljós. Skv. lögum um fyrirtækjaskrá og eftir atvikum laga um hlutfélagaskrá ber að skár hér í fyrirtækjaskrá eða eftir atvikum í hlutfélagaskrá, alla atvinnustarfsemi sem fram fer hér á landi. Það fer þá eftir skilningi á 1. og 2. gr. frumvarpsins sbr. hér að framan hvaða skilning ber að leggja í þessi ákvæði. Sé frumvarpinu ætlað að taka til erlendra aðila sem stunda starfsemi hér á landi en selja ekki einungis þjónustu hingað, er sú starfsemi þegar skráningarskyld eftir atvikum samkvæmt stífari ákvæðum en hér er að finna. Er þá spurning hvort ætlunin sé að létta á þeim skráningarkröfum eða hvort um kröfur um tvöfalda skráningu sé að ræða. Sé hins vegar um að ræða þjónustu sem veitt er erlendis, en nýtt hér, eru í frumvarpinu settar fram skráningarkröfur, sem meta þarf hvort samræmast þjónustutilskipuninni.

Af framangreindu má ljóst vera að ákvæði frumvarpsins eru um margt óskýr og þarfnast mikilla lagfæringa áður en lögfest verða. Með öðrum kosti er hætt á að með þeim skapist réttaróvissa, sem m.a. gæti haft veruleg áhrif á skattlagningu m.a. vegna þess að óvissa léki á um hvenær um væri að ræða innlandan og hvenær erlendan skattaðila í skilningi íslenskra skattalaga og tvísköttunarsamninga. Skattaleg staða þess sem kaupir vinnuáfl á leigu verður óvissari, skattaleg staða hinna útleigðu starfsmanna verður að líkindum verri og stefnt yrði í hættu þeirri úrskurðarframkvæmd sem skapast hefur á grundvelli gildandi skattalaga.

Virðingarfyllst

  
Indriði H Þorláksson